



Sauðárkróki, 22. febrúar 2018

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um mótun eigenda-stefnu ríkisins fyrir bújarðir, mál 52.

Við undirbúning að gerð byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 var lögð áhersla á opinn mótunarferil og víðtækt samráð haft um gerð áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Á árinu 2016 voru m.a. haldnir samráðsfundir í öllum ráðuneytum og í einstökum landshlutum með samráðsvettvöngum sjö landshluta. Samráðsvettvangar landshlutanna eru skipaðir nokkrum tugum einstaklinga úr öllum geirum og svæðum landshlutans og móta sóknaráætlanir þeirra. Á þessum fundum var opnað fyrir samráð sem síðan var ræktað á heimasíðu Bygðastofnunar þar sem gögn voru aðgengileg og allir gátu sett fram tillögur. Að auki var fundað með starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að treysta innviði og búsetu í sveitum og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál þar sem sitja fulltrúar allra ráðuneyta.

Á fundum með samráðsvettvöngum landshlutanna um byggða-áætlunina komu fram áhyggjur af jarðakaupum fólks sem ekki hyggur á búsetu á jörðunum, einkum kaupum á jörðum með veiðihlunnindi. Svo rammt kveður að þessari þróun að í sumum sveitum telst hún, að mati heimamanna, ógna landbúnaði og varanlegri byggð.

Það er mat Bygðastofnunar að heppilegt sé að gerð verði úttekt á eignarhaldi og nýtingu. Að því búnu er æskilegt að mótuð verði stefna varðandi þær bújarðir sem ríkið á með það að markmiði að treysta innviði og búsetu í sveitum. Stofnunin telur að skýr stefnumörkun á þessu sviði gæti í einhverjum tilvikum eflt búsetu í byggðum sem standa höllum fæti.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Bygðastofnunar.*



Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Efni:

Tilv. 2018020001

Bændasamtök Íslands fengu send til umsagnar drög að tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál. Frestur til að skila inn umsögn var veittur til 27. febrúar.

Tillagan er efnislega samhljóða tillögum sem áður hafa verið birtar til umsagnar en ekki náð fram að ganga. Bændasamtök Íslands vísa til fyrri umsagna samtakanna annars vegar um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, sbr. 414. mál, 146. lögb. 2016-2017, sem var endurflutt óbreytt að efni til sem 48. mál, 147. lögb. 2017 og hins vegar um drög sem unnin voru af fjármála- og efnahagsráðuneytinu um eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda frá 18. desember 2017. Umsagnirnar fylgja hjálagðar. Bændasamtökin ítreka og leggja áherslu á þau sjónarmið sem þar eru rakin.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. desember
2017.

Efni: Umsögn um drög að eigandastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda
Tilv. 2017120001

I

Vísað er til draga að meginþáttum eigandastefnu ríkisins fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir er birt voru á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins til umsagnar 5. október sl. Athygli Bændasamtaka Íslands á málinu var vakin þann 24. nóvember sl. með tölvubréfi frá Hrafnri Hlynssyni starfsmanni ráðuneytisins og þau jafnframt hvött til að kynna sér drögin og skila athugasemdum. Með vísan til þess gera samtökin eftirfarandi athugasemdir.

II

Bændasamtökin benda á að nú stendur yfir endurskoðun búvörusamninga og skal þeirri vinnu lokið eigi síðar en árið 2019. Nauðsynlegt er að skoða samhengi þessa málaflokks sem drögin snúa að og þeirrar vinnu. Staðan er sú að ríkið stendur frammi fyrir verulegum áskorunum í landbúnaðarmálum, m.a. vegna nýlegs tollasamnings við ESB og mistaka við innleiðingu á matvælalöggjöf ESB (um innflutning á hráu ófrosnu kjöti). Að auki eru markaðsaðstæður með erfiðasta móti nú um stundir, bæði erlendis vegna aðstæðna þar og gengis krónunnar og hérlendis, ekki síst vegna fákeppni á smásölumarkaði. Samanlagt kalla þessar aðstæður á að ný ríkisstjórn taki á málaflokki með heildstæðum hætti til að fyrirbyggja hrun byggða, búsetu á landsbyggðinni og matvælaframleiðslu.

Bændasamtökin minna á nýlega tillögu til þingsályktunar um mótun eigandastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 414. mál, 146. lögb. 2016-2017 og 48. mál, 147. lögb. 2017 (tillagan var endurflutt óbreytt að efni til). Markmið tillögunnar var að ríkið marki sér stefnu sem tryggir möguleika fólks til að hefja búskap í ljósi þess að sífellt fleiri jarðir hverfa nú úr ábúð. Það veiki hinar dreifðu byggðir landsins sem eru mikilvægar út frá byggðasjónarmiðum og til að tryggja matvælaframleiðslu og jafnrétti til búsetu. Bændasamtökin skiluðu inn umsögn um tillöguna þann 15. ágúst sl. þar sem þau studdu að hún yrði samþykkt. Aðrir umsagnaraðilar tóku undir markmiðin og mæltu með framgangi hennar.

Einnig skal bent á að í kjölfar undirritunar búvörusamninga í upphafi árs 2016 ákváðu samningsaðilar að skipa starfshóp er myndi fjalla um hvernig treysta mætti innviði og búsetu í sveitum. Var starfshópurinn skipaður 7. júní 2016 og skilaði skýrslu í október sama ár sem ber heitið „Innviðir og búseta í sveitum“. Í 5. kafla skýrslunnar er fjallar um nýliðun og ábúendaskipti á jörðum segir að tryggja þurfi að ríkisjarðir geti staðið undir nútímalandbúnaði og að greitt sé fyrir ábúendaskiptum. Jafnframt þurfi að leggja áherslu á að búseta haldist á jörðum og endurmeta að því leyti stefnu á sviði jarðamála ríkisins.

Það er óumdeilt að mati samtakanna að liðka þarf fyrir nýliðun í stétt bænda og efla búskap í dreifðari byggðum. Það mætti framkvæma með betri nýtingu ríkisjarða til búrekstrar. Um þetta má t.d. vísa til (12.) ályktun Búnaðarþings 2016 um nýtingu jarðeigna ríkisins. Lagt var til að núverandi verklag og reglur um ráðstöfun jarða í eigu ríkis og kirkju yrði endurskoðað með það að markmiði að tryggja búsetu og landbúnað á sem flestum jörðum í þeirra eigu. Lögð var sérstök áhersla á að búsetuþróun í sveitum og styrking byggða yrði höfð til hliðsjónar en jafnframt þurfi skilmálar er varða ábúð að stuðla að áframhaldandi búrekstri.

Bændasamtökin telja drög að eigandastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda eins og þau liggja fyrir ekki í samræmi við ofangreindar áherslur, markmið og vinnu í þessum málaflokki. Mikilvægt er að mótuð verði sérstaklega eigandastefna ríkisins fyrir bújarðir og ábúðarkerfið í heild sinni með hliðsjón af áðurnefndum sjónarmiðum í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þá þarf einnig að liggja fyrir hvaða jarðir það eru sem skal kaupa, sbr. t.d. lög um jarðasjóð nr. 34/1992. Skortir verulega á þá umfjöllun í því sem hér er um rætt. Ástæða er til þess að við mótnun eigandastefnu verði farið betur yfir ástæður þess að jarðasjóður hefur verið rekinn og t.d. hlutverk hans á krepputímum til að koma í veg fyrir byggðaröskun. Þá þarf að skoða hvernig sjóðurinn getur nýst ríkinu sem tæki til að framfylgja byggðastefnu svo sem til þéttingar byggðar á viðkvæmum svæðum.

III

Bændasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við einstaka kafla í drögunum.

1. kafli

Um tölul. 1.1. telja samtökin skorta á að tekið sé tillit til hagsmuna samfélagsins sem viðfangið er staðsett í, m.a. byggðasjónarmiða svo sem nýliðunar, búsetu og möguleika nærliggjandi til framleiðni- eð framleiðsluaukningar. Hafa ber í huga að byggðaleg röskun hefur í för með sér margháttaðan kostnað sem leggst þungt á ríkið, sveitarfélög og einstaklinga. Að sama skapi getur það bætt stöðu þessara aðila fari jarðir aftur í byggð.

2. kafli

Um tölul. 2.1.1. og alla undirliði tölul. 2.3 telja samtökin að þar skorti á að vísað sé til byggðalegra sjónarmið. Í tölul. 2.1.2 er mikilvægt að það komi fram að arðurinn af auðlindinni eigi eftir því sem kostur er að verða eftir í nærsamfélaginu.

Víða er í drögunum vísað til almannahagsmuna, t.d. í lið 2.1 um markmið með eignarhaldi jarða. Bændasamtökin telja skorta á að í lið 2.1 sé minnst á mikilvægi landbúnaðarframleiðslu og þess að landinu sé haldið í byggð. Í liðum 8.5 og 8.7, er vísað til almannahagsmuna um

ráðstöfun og eignarhald en hvergi skilgreint hvað við er átt, þ.e. hvort almannahagsmunir hvíli yfirleitt á byggðastefnu og byggðafestu eða einhverju öðru. Eins og áður segir telja Bændasamtökin ríkisjarðir í ábúð í sveitum gríðarlega mikilvægar til að halda landinu í byggð og koma í veg fyrir að jarðir fari í eyði. Þá verður að telja það almannahagsmuni að það sé ávallt fyrsti kostur sé að reyna að viðhalda byggð og landbúnaðarstarfsemi.

Í tölul. 2.4 er um óraunhæfa einföldum að ræða að mati samtakanna. Ríkið þarf í flestum tilfellum að skilyrða sölu jarða t.d. við að þær verði setnar og einnig að taka tillit til byggðalegra sjónarmiða. Gæta þarf þess að ríki og sveitarfélög skapa þessar svokölluðu markaðsaðstæður að verulegu leyti sjálf með skipulagslegum ákvörðunum, ramma jarða- og ábúðarlaga og stefnu um jarðakaup erlendra ríkisborgara, svo fáein dæmi séu tekin.

7. kafli

Um tölul. 7.4.3 telja samtökin nauðsynlegt að þar sé tekið fram að tekjur af leigu auðlinda, svo sem veiðihlunninda, eigi almennt að verða eftir í nærsamfélaginu. Í tölul 7.6 er farið mjög lauslega með orðalag. Ef ríkið tekur við eign með kvöðum hlýtur það að þurfa að virða þær eins og aðrir aðilar sem taka á sig kvaðir

8. kafli

Þá gera Bændasamtökin alvarlegar athugasemdir við 8. kafla um stöðu ríkisjarða í tengslum við ábúðarkerfið og fyrirhugaðar breytingar á kerfinu og telja hann þurfa gagngera endurskoðun. Þar er m.a. að finna staðhæfingar um að ekki verði séð að kerfið hafi mikið gildi fyrir landbúnaðinn. Samtökin telja ótækt að byggja ákvarðanir um framtíð kerfisins eingöngu á skýrslu Hagfræðistofnunar sem er hlutdræg og byggir á samtölum við ýmsa aðila um reynslu af kerfi sem vitað var að var ekki rekið eins og markmið stóðu til enda sýnir skýrslan að staða kerfisins er í samræmi við sinnuleysi hins opinbera um það undanfarin ár. Þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir Búnaðarþings um lagfæringar á kerfinu hefur því lítt eða ekkert verið sinnt. Taka skal fram að hér er ekki um gagnrýni á þá starfsmenn sem önnuðust framkvæmdaatriði að ræða, heldur á stjórnvöld. Kerfið er þrátt fyrir allt gríðarlega mikilvægur þáttur í byggðaðróun og byggðafestu. Kerfið er einnig eins konar neyðarúrræði þegar aðstæður krefjast að ríkið stígi inn í eignarhald, t.d. vegna náttúruhamfara eða annarra aðstæðna sem krefjast afskipta ríkisins að jarðeignum. Vafasamt er að móta framtíðaraðgerðir á þeim grunni sem áætlað er að gera. Vanda þarf til verka í grundvallarbreytingum á kerfinu til að tryggja að það þjóni áfram sínu hlutverki í landbúnaðarframleiðslu. Í lið 8.1.5 er vísað til annarra vænlegra leiða til að koma til móts við þarfir brothættra byggða án þess að aðrar leiðir séu nefndar í þeim efnunum.

Samtökin benda á þá staðreynd að aðgengi að ábúðarjörðum er ómissandi þáttur í nýliðun í landbúnaði. Þá er það jafnframt markmið jarðalaga nr. 81/2004 að stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra tryggja svo sem kostur er að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota, sbr. 1. gr. laganna.

Í kafla 8.2.1 er vikið að áhættu ríkisins vegna ábúðarkerfisins. Bændasamtökin telja óeðlilegt að fjallað sé um áhættu og fjárútlát ríkissjóðs á kostnað byggðafestu og fæðuöryggis í landinu. Varðandi áhættu ríkisins vilja samtökin einnig benda á að áhætta ríkisins er hvorki meiri né minni en annarra landeigenda og því kannski ástæða til að huga að endurskoðun

ábúðar- og jarðalaganna fyrst. Þá endurskoðun þarf að framkvæma með hliðsjón af skipulagsvaldi sveitarfélaga sem ræður miklu um lífvænleika matvælaframleiðslu á hverju svæði.

IV

Að lokum er rétt að minna á að ef litið er til sambærilegs lagaumhverfis nágrannalanda kemur í ljós að Ísland er með frjálsslyndasta lagaumhverfið í samanburðinum. Er því þörf á úttekt sem er framtíðarmiðuð með hagsmuni byggða og matvælaframleiðslu í huga frekar en einhliða áherslu á auðlindarentu.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Alþingi
Kristjana Benediktsdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. ágúst 2017.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 414. mál.

Tilv. 2017080005

Bændasamtök Íslands fengu senda tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir þann 15. júní sl. Frestur til að senda inn umsagnir var veittur til og með 15. ágúst.

Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar. Samtökin fagna umræðu um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir og leggja um leið áherslu á mikilvægi þess að hinar dreifðu byggðir landsins verði styrktar með aðgerðum og stefnumótun til lengri tíma litið. Afar áriðandi sé að hafist verði handa við endurskoðun til að bregðast við miklum breytingum á landnotkun í dreifbýli síðustu ár.

Í áður nefndri tillögu kemur fram að flutningsmenn hennar telji eðlilegt að haft verði samráð við t.d. Bændasamtök Íslands við mótun stefnunnar. Samtökin taka undir það og telja raunar nauðsynlegt slíkt samráð verði tryggt. Að auki vísa samtökin til (12.) ályktunar Búnaðarþings árið 2016 um nýtingu jarðeigna ríkisins. Lagt var til að núverandi verklag og reglur um ráðstöfun jarða í eigu ríkis og kirkju yrði endurskoðað með það að markmiði að tryggja búsetu og landbúnað á sem flestum jörðum í eigu ríkis og kirkju. Lögð var sérstök áhersla á að við endurskoðunina skyldi hafa búsetuþróun í sveitum og styrkingu byggða til hliðsjónar en jafnframt þurfi skilmálar er varða ábúð að stuðla að áframhaldandi búrekstri.


Að lokum skal bent á að í kjölfar undirritunar búvörusamninga í upphafi árs 2016 ákváðu samningsaðilar að skipa starfshóp sem myndi fjalla um hvernig mætti treysta innviði og búsetu í sveitum. Starfshópurinn var skipaður 7. júní 2016 og skilaði í október sama ár skýrslu sem ber heitið „Innviðir og búseta í sveitum“. Í 5. kafla þeirrar skýrslu er fjallað um nýliðun og ábúendaskipti á jörðum. Þar segir m.a. að leggja þurfi áherslu á að búseta haldist á jörðum og að endurmeta þurfi að því leyti stefnu á sviði jarðamála ríkisins.

Tryggja þurfi að ríkisjarðir geti staðið undir nútímalandbúnaði og að greitt sé fyrir ábúendaskiptum. Einnig eru þar lagðar til fleiri leiðir sem ætlað er að stuðla að nýliðun og ábúendaskiptum á jörðum. Bændasamtökin leggja til að við mótun eigendastefnunnar verði sérstaklega litið til þessa sjónarmiðs og annarra leiða sem lagðar eru til í skýrslunni

Með vísan til framangreinds styðja samtökin eindregið að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

22.2.2018

201802084 - Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn tekur undir með bæjarráði og fagnar því að tillaga að þingsályktun um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir skuli vera lögð fram. Jafnframt vísar bæjarráð til fyrri umsagnar bæjarstjórnar um málið frá 21. júní 2017.

Eitt af helstu markmiðum tillögunnar er að ríkið marki sér stefnu sem tryggi og ýti undir möguleika fólks til að hefja búskap. Því leggur Fljótshálsaþingi áherslu á að við mótun stefnunnar verði haft samráð við Samtök ungra bænda, til viðbótar við þá aðila sem flutningsmenn tillögunnar gera ráð fyrir.

Ungir bændur eru þeir sem munu búa lengst við þá stefnu sem verður mörkuð og því er mikilvægt að þeir fái að koma sínum sjónarmiðum að við mótun stefnunnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



HÓLASKÓLI - Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 4556300
www.holar.is

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Háskólanum á Hólum, 27. febrúar, 2018.

Vegna: tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Háskólinn á Hólum fagnar tillögu þess efnis að móta skýra eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir og tekur heilshugar undir mikilvægi þess út frá byggðasjónarmiðum, til að tryggja matvælaframleiðslu, jafnrétti til búsetu og landnytjar. Þannig geta þessar jarðir stuðlað að fjölbættri atvinnuuppbyggingu. Margar jarðir í eigu ríkisins hafa mikla sérstöðu með tilliti til náttúru, sögu og menningar og þarf að nálgast nytjahugmyndir á breiðum grundvelli. Margar bújarðir gegna mikilvægu hlutverki fyrir starfsemi ríkisstofnana, s.s. opinberra háskóla og rannsóknastofnana um landnytjar og ræktun hvers konar. Háskólinn á Hólum vill undirstrika mikilvægi þess að eignum í vörslu hins opinbera sé vel við haldið, þjóðinni til heilla og framdráttar.

Fyrir hönd háskólans,


Erla Björk Örnólfsson
rektor



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 5. mars 2018
2018020003

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Á 414 fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, 1 mars sl., var samþykkt eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á að ríkið hafi það sem meginreglu að með eignarhaldi sínu á jörðum víðsvegar um land, að standa með byggð á viðkomandi svæði og stuðla að eflingu hennar, í stað þess að draga vagninn í byggðarröskun eins og staðan virðist vera í dag. Ríkið getur vel haft þá stefnu að eiga allar þær jarðir áfram til langrar framtíðar, sem það á nú þegar. Að því þó gefnu að fjölskyldum eða einstaklingum sé gefinn kostur á að búa á jörðunum og nýta þær sér til framsærslu og efla með því byggð á landsbyggðinni.“

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 23. febrúar 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir er nú lögð fram þriðja löggjafarþingið í röð, óbreytt að efni til. Fyrir liggur umsögn Landgræðslu ríkisins um þingsályktunartillögu þessa, sjá umsögn um 414. mál á 146. löggjafarþingi, og vísast til hennar.

Landgræðsla ríkisins bendir á að fjármála- og efnahagsráðuneytið lagði í október sl. fram drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda. Í þeim drögum er tekið á mörgum þeim þáttum sem sýnt er að taka þurfi á í eigendastefnu fyrir bújarðir. Stofnunin telur, eins og fram kom í fyrri umsögn, að rétt sé að tekið sé á öllum þáttum tengdum bújörðum o.fl. í þeirri einu stefnu. Með því að gera ákveðnar breytingar á þessum fyrirbyggjandi drögum að eigendastefnu er líklegt að tryggja megi þá hagsmuni sem fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu er ætlað að tryggja.

Að lokum bendir Landgræðsla ríkisins á að víða er ástand ríkisjarðar í það slæmu ásigkomulagi að brýn nauðsyn er til frekari landgræðsluáðgerða. Þá er og ítrekað að víða á ríkisjörðum eru miklir möguleikar til endurheimtar votlendis en sú áðgerð er ein sú virkasta sem völ er á til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Taka þarf tillit til beggja ofangreindra þátta við mótun endanlegrar eigendastefnu fyrir jarðir ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson

Til nefndarsviðs Alþingis.

Við í stjórn samtakanna **Landsbyggðin lifi** leggjum áherslu á ábyrgð ráðherra á að móta almenna stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins.

Við teljum að framlagning þingsályktunartillögunnar stuðli að því að knýja á um slíka stefnumótum og erum því hlynnt því að hún verði lögð fram þó að við höfum vissar efasemdir um árangur.

Til nokkurrar útskýringar og áréttingar fylgir hér með umsögn félaga okkar, Þorsteins Bergssonar, fyrrum bónda á Unaósi á Fljótsdalshéraði.

Fyrir hönd samtakanna Landsbyggðin lifi.

Dalvík / Egilsstöðum, 27. febrúar 2018

Björgvin Hjörleifsson formaður

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritari

Þótt mér finnist tillagan að **ymsu** leyti góðra gjalda verð og sömuleiðis að hún sé eflaust samin og lögð fram af góðum hug, hef ég efasemdir um gagnsemi hennar, m.a. vegna eftirfarandi:

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál segir: **43. gr. Meðferð og fyrirsvar eigna og réttinda í eigu ríkisins.**

Ráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félögum, fasteignum, jörðum, fasteignatengdum réttindum, auðlindum og öðrum réttindum ríkisaðila í A-hluta og sér um fyrirsvar þeirra, öflun og ráðstöfun, nema lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað.

Ráðherra mótar almenna stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins. Slík stefna skal fjalla um markmið og áherslur ríkisins um meðferð og nýtingu eigna og réttinda, eftir eignaflokkum skv. 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að færa daglega umsýslu eigna skv. 1. mgr. til sérstakrar starfseiningar eða ríkisaðila sem starfar á hans ábyrgð. Þeirri starfseiningu eða ríkisaðila er heimilt, að höfðu samráði við ráðherra, að færa afnot, umsjón og rekstur eigna til annars ríkisaðila með sérstöku samkomulagi.

Til frekari skýringar skal tekið fram að hér er átt við fjármála- og efnahagsráðherra og að heimildin í 3. mgr. hefur þegar verið notuð. Sá ríkisaðili heitir Ríkiseignir og er væntanlega A-hlutastofnun í skilningi laganna.

Ekki vil ég ætla þingmönnum það að þekkja ekki lög landsins en ef til vill er rétt að vekja athygli þeirra sem leggja tillöguna fram á þessu skýra lagaákvæði og því að líklega sé óþarfi að leggja fram þingsályktunartillögu um að Alþingi feli ráðherra aðgerðir í máli sem þegar er skýrt kveðið á um í lögum að honum beri að framkvæma (m.ö.o. um að Alþingi feli fjármálaráðherra að virða lög landsins). Nema ætlunin sé að skerpa á þessari lagaskyldu, en hún er þó hvergi nefnd í tillögunni, jafnvel ekki í greinargerð með henni, þótt þar sé vitnað til annarra laga. Hitt er svo annað mál, og má

kannski virða þingmönnum til vorkunnar, að umrætt ráðherraembætti hefur vissulega enn sem komið er hunsað þessa lagaskyldu, þótt skipt hafi verið í tvígang um ráðherra þess frá því að lög in voru sett. Það hef ég líka reynt á sjálfum mér í samskiptum mínum við Ríkiseignir, því þegar ég þrýsti á um að stofnunin ráðstafaði fyrrum ábúðarjörð minni, Unaósi á Fljótsdalshéraði, til nýrrar ábúðar sem fyrst, vegna þess áhuga sem ég vissi af hjá fólki sem vildi hefja búskap, bar talsmaður hennar því jafnan við að ráðuneytið væri ekki búið að móta stefnu um hvernig fara ætti með ríkisjarðir. Þessi viðbára var notuð á fleiri stöðum og fullyrða má að þessi dráttur hafi nú tafið ráðstöfun ríkisjarða án ábúðar um allt að þrjú ár sem er að sjálfsgöðu óviðunandi og hugsanlega það ástand sem þingmennirnir vilja bæta úr með tillögu sinni.

Ég hef einnig vakið athygli forstöðumanns ríkisjarða hjá Ríkiseignum á því að í 40. gr. áðurnefndra laga um opinber fjármál er ákvæði sem heimilar Ríkiseignum (sem og öðrum A-hlutaaðilum) „... án atbeina ráðherra og hlutaðeigandi ráðherra, ...“

að gera samninga til allt að fimm ára um „afmörkuð rekstrarverkefni“ (undir það gætu tímabundnir ábúðarsamningar vissulega fallið). Slíkar ráðstafanir eru enn fremur, samkvæmt 4. mgr. 40. gr., ekki háðar annarri stefnumótun en þeirri sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun ríkisins (sem væntanlega liggur fyrir). Ríkiseignum er því í lófa lagið að bæta úr vandanum þegar í stað, a.m.k. til skemmri tíma. Hafi þingmennirnir brennandi áhuga að leyst verði úr málinu sem fyrst ættu þeir því hugsanlega frekar að beina kröftum sínum milliliðalaust að stofnuninni Ríkiseignum, fremur en bíða ásamt öllum öðrum enn lengur eftir þeim Godot sem heitir stefnumörkun fjármálaráðuneytisins hvað varðar ráðstöfun ríkiseigna.

Egilsstöðum 25. febrúar, 2018

Þorsteinn Bergsson

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. febrúar 2018
2018020029/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 414. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra, í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að móta eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.

Eins og kemur fram í greinargerð er markmið tillögunnar einkum að ríkið marki sér stefnu sem tryggi möguleika fólks til að hefja búskap. Einnig kemur fram að horfa þurfi til náttúruverndar og uppbyggingar ferðamannasvæða og vísað til skýrslu starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu. Þar kemur fram að mikilvægt sé að móta eigendastefnu fyrir landareignir í eigu ríkisins sem margar hafa sérstöðu með tilliti til náttúru, sögu og menningar. Þ.e. hvernig beri að nýta og ráðstafa þeim, þar með talið hvort og hvaða jarðir skuli vegna sérstöðu sinnar vera í eigu ríkisins, hverjar megi selja og hverjar leigja, og þá eftir atvikum, með hvaða kvöðum.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin mikilvægt að jarðir í eigu ríkisins sem hafa mikið gildi fyrir náttúru landsins og vernd náttúruminja verði áfram í eigu ríkisins/almennings. Jafnframt að ef jarðir eru seldar og þær t.d. á náttúruminjaskrá þá fylgi þeim kvaðir sem tryggja vernd þess náttúrufars/náttúruminja sem taldar eru merkilegar á viðkomandi svæði. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt, m.t.t. þessara atriða, að umhverfis- og auðlindaráðherra komi að framangreindri stefnumótun ásamt þeim ráðuneytum sem nefnd eru hér að framan.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson





Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 4. mars 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar því að fjármála- og efnahagsráðherra verði falið að móta eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Stjórn SASS tekur undir nauðsyn þess að ríkið setji sér eigendastefnu. Það að ríkið hafi ekki sett sér stefnu í málaflokknum hefur staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun landbúnaðar í þeim sveitum þar sem jarðir í eigu ríkisins eru margar. Þetta hefur m.a. birtist í því að góðar bújarðir sem losna úr ábúð eru ekki byggðar aftur og að ábúendur ríkisjarða fá ekki heimild landeigenda til eðlilegrar uppbyggingar sinna bújarða til að mæta auknum kröfum samtímans. Framangreint hefur í för með sér að landbúnaður á þessum jörðum dregst aftur úr hvað mögulega framþróun snertir. Versta birtingarmyndin er sú að bújarðir sem losnað hafa úr ábúð standi ónýttar og séu í niðurníslu og það hefur slæm áhrif á nærsamfélagið.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 27.feb. 2018

Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2422. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 23.02.2018.
Eftirfarandi fært til bókar:

Föstudaginn 23.02.18 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu kaupstaðarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 14:00.


Mætt: Arnbjörg sveinsdóttir í fjarveru Margrétar Guðjónsdóttur, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

3.11 Alþingi 15.02.18. Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð vísar til fyrri umsagnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um sama mál.

Virðingarfyllst


Inga Þorvaldsdóttir



Atvinnuveganefnd Alþingis

101 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri, 26. febrúar 2018

00.1/1802014

Efni: umsögn um mál nr. 52 – þingsályktunartillaga vegna móttunar eigendastefnu

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að mótuð verði eigendastefna ríkisins fyrir bújarðir í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Stefnuleysi stjórnvalda vegna bújarða í eigu ríkisins veldur því að bújörðum sem losnað hafa úr ábúð í Skaftárhreppi undanfarin ár standa nú auðar og í niðurníslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda dags. 5. október 2017 til umsagnar á 415. fundi sínum þann 14. desember 2017. Drögin höfðu ekki verið send formlega til umsagnar til hagaðila eða sveitarstjórna heldur fékk sveitarfélagið senda ábendingu um að fyrrnefnd drög lægju fyrir.

Meðfylgjandi er afgreiðsla sveitarstjórnar vegna málsins sem sent var til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 15.12.2017 þar sem m.a. er gagnrýnt samráðsleysi ráðuneytisins. Vegna umsagnar við þingsályktunartillögu um móttun eigendastefnu ríkisins vegna bújarða mál nr. 52 er vísað í fyrrgreinda umsögn.

Virðingarfyllt,
f.h. Skaftárhrepps,

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir
sveitarstjóri

Fylgiskjal:

Afrit af umsögn sveitarstjórnar Skaftárhrepps til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 15.12.2017



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Kirkjubæjarklaustri, 15.12.2017
13.0/1705007

AFRIT

Efni: umsögn Skaftárhrepps um drög að meginþáttum eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir á 415. fundi sínum þann 14. desember sl. drög að meginþáttum að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar en drögin voru gefin út af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 5. október sl. Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi vegna málsins;

4. 1705007 Drög að meginþáttum eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið dags.05.10.2017.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að umnið sé að gerð eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda.

Hér í Skaftárhreppi eru margar bújarðir í eigu ríkisins, einkum í lágsveitumum Álftaveri og Meðallandi. Samkvæmt gildandi stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum er allt land neðan 200 m.y.s. skilgreint sem landbúnaðarland og er gert ráð fyrir því að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum.

Það stefnuleysi ríkisins sem verið hefur allt frá því að fjármálaráðuneytið tók yfir umsýslu ríkisjarða er með öllu óþolandi. Stefnuleysi sem staðið hefur í vegi fyrir eðlilegri framþróun landbúnaðar í þeim sveitum þar sem jarðir í eigu ríkisins eru margar. Stefnuleysi sem m.a. birtist í því að góðar bújarðir sem losna úr ábúð eru ekki byggðar aftur og að ábúendur ríkisjarða fá ekki heimild landeigenda til eðlilegrar uppbyggingar sinna bújarða, til að mæta auknum kröfum samtímans. Stefnuleysi sem gerir það að verkum að landbúnaður á þessum jörðum, og þar með í sveitarfélaginu öllu, dregst aftur úr hvað mögulega framþróun snertir á landsvísi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gagnrýnir vinnubrögð ráðuneytisins við undirbúning og gerð þessarar stefnu, þar sem ekki hefur verið leitað samráðs við viðkomandi sveitarfélög, né hefur verið leitað umsagnar helstu



hagsmunaaðila t.a.m. Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka.

Sveitarstjóra falið að senda umsögnina til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Skaftárhrepps,

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir
sveitarstjóri

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Með rafbréfi, dags. 15. febrúar 2018, óskaði Atvinnuveganefnd Alþingis eftir athugasemdum Skógræktarinnar vegna tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir. Skógræktin hvetur til þess að tillagan verði samþykkt.


Skógræktin starfar eftir lögum um skógrækt nr. 3/1955 og lögum um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006. Markmið laga nr. 3/1955 er lýst í 1. gr.: 1. að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu; 2. að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir; 3. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggæðslu lýtur. Tilgangi og markmiðum laga nr. 95/2006, er þannig lýst í 1. gr.: að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf. Skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum. Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 m yfir sjávarmáli.

Skógræktin, með vísun í fyrrgreind lög, annast ræktun og umhirðu skóga á jörðum í ríkiseigu en einnig fjárhagslega og faglega hvatningu til landeigenda, til þess að þeim sé gert kleift að rækta, hirða um og nýta skóga á landi í einkaeign. Skógræktin vill því í ljósi tilgangs fyrrgreindra laga hvetja til þess að gaumur verði gefinn að því að jarðir eða jarðarspildur í ríkiseign verði sem víðast nýttar til skógræktar, óháð því hvort jarðir í ríkiseign verði seldar einkaaðilum eða þær verði áfram í eigu ríkisins. Ekki síst yrðu slíkar aðgerðar nýttar til þess að uppfylla markmið Parísarsamkomulagsins í loftslagsmálum og markmiðsins um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, enda skógrækt álitin ein skilvirkasta aðgerðin til þess að draga úr nettó-losun gróðurhúsalofttegunda. Slíkar aðgerðir myndu um leið nýtast til þess að auka framtíðarverðmæti þessara jarða, efla lífríkið og stuðla að traustri, efnahagslegri starfsemi í dreifðum byggðum landsins.

Áriðandi er að bregðast við þeim miklu breytingum á landnotkun sem orðið hafa á síðustu áratugum. Skógræktin tekur heilshugar undir með flutningsmönnum fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um að mótuð verði eigendastefna fyrir bújarðir í

eigu ríkisins, en þykir að sú stefna eigi jafnframt að ná til annars lands í eigu ríkisins sem ekki teljast bújarðir. Má þar nefna eyðijarðir og þjóðlendur, en víða um land er að finna lundur og jarðir í ríkiseign sem ekki er fyrirsjáanlegt að verði nýttar sem bújarðir - í hefðbundnum skilningi - á komandi árum en þar sem vel væri hægt að rækta mikinn og öflugan skóg og binda mikið kolefni. Mikilvægt er, að eigendastefna ríkisins endurspegli þörfina á markvissum aðgerðum í loftslagsmálum um leið og tryggður er áframhaldandi grundvöllu búsetu og atvinnustarfsemi í dreifðum byggðum landsins.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar.



Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson

Fagmálastjóri,
Skógræktin, aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir
adalsteinn@skogur.is, s. 8987862

Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar, 52. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Með vísan til tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir gefur Þjóðskrá Íslands eftirfarandi umsögn.

Þjóðskrá Íslands bendir á að afmörkun landeigna er ein grunnforsenda þess að mögulegt sé að leggja fram trúverðuga landnýtingaráætlun að hálfu ríkisins sem tæki á nýtingu ríkisjarða, eignarhaldi útlendinga og jarðarsöfnun á hendur fárra (t.d. vegna laxveiðihlunninda).

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á búskaparháttum á undanförunum 100 árum og hefur hugtakið jörð breyst með breyttum landbúnaðarháttum og einnig eru jarðir margbreytilegar. Þar sem gott aðgengi er að sjávarhlunnindum eru jarðir minni að flatarmáli en upp til sveita þar sem treysta þurfti einvörðungu á landbúnað til mataröflunar enda var hugtakið jörð hugsað sem rekstrareining til framfærslu þeirra sem jörðina byggðu.

Íllmögulegt er að hafa jörð sem útgangspunkt í landnotkunarstefnu vegna þess hversu ólíkar þær eru innbyrðis. Sem dæmi má nefna að óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörðu sbr. 8. gr. jarðalaga og þar með getur komið til þess að heilu jarðirnar séu keyptar til þess eins að ná yfirráðum yfir veiðihlunnindum án þess að nýir eigendur hafi búskap í hyggju.

Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að kortleggja afmörkun landeigna/jarða og byggja landnýtingaráætlanir á samspili afmörkunar landeigna, afmarkaðs skipulags (skipulags landbúnaðar), kortlagðrar landnotkunar/gróðurfars og skilgreinds eignarhalds.

Stofnunin telur að næstu skref hljóti að felast í því að afmarka allar ríkisjarðir með skipulögðum hætti til þess að skýrar upplýsingar liggi fyrir áður en mótun eigendastefnu ríkisins og ráðstöfun ríkisjarða geti hafist.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Einar Örn Davíðsson
Lögfræðingur